

Frá öðrum heimi.

Hannes Blöndal skáld á þökk skilið fyrir að hafa þýtt bók þessa. Þar er mjög fróðlega sagt frá því, hvernig sorgbitnir for-eldrar fá samband við son sinn, sem látið hafði lífið í styrjöldinni miklu. Og ekki tel jeg neinn vafa á því, að það sje satt, að það samband hafi fengist. En ófullkomið er það, og með mikilli gætni verður að lesa það, sem segir af lífinu í því sem ranglega er nefnt annar heimur. Því að það er um þennan sama heim að ræða. Þar er það sem oss er nauðsyn á að skilja, ef vjer eigum að geta öðlast nokkra þekkingu að ráði á lífinu eftir dauðann. En af þýðingu slíkrar þekkingar verður varla ofsögum sagt. Því að hún mun eiga drögstan þátt í því að gerbreyta lífinu á jörðu hjer, og á skömmum tíma, eins og ekki er heldur vanþörf á.

22. des.

Helgi Pjeturss.

1161.31des.1928

Eftirtektarvert tímarit.

Íslendingar ættu að veita eftirtekt tímariti þess manns er Arthur Mee heitir, og hann nefnir My Magazine. Þar mátti í aprílheftinu 1928, lesa tiltakanlega góða grein um hina íslensku þjóð; minnst eg þess ekki að hafa séð jafn stórmannlega um Íslendinga ritað. En þó er tímarit þetta einnig eigulegt fyrir annara hluta sakir, flytur t. d. skrautlegar litmyndir. Það er Íslendingum ósamboðið að meta ekki mikils aðra eins Íslandsvini og Arthur Mee og prófessor Huntingdon.

26. 3.

Helgi Pjeturss.

Helgi Pjeturss.

1928 da 1161.31des.